

29. dec. 38

IR

Dr. Helgi Pjeturss:

Til stuðnings bindindi.

I.

Florence Marryat, dóttir hins fræga og vinsæla sægarps og skáldsagnahöfundar, ritaði ~~A~~ efri árum bók, sem hún nefndi „There is no death“: Enginn dauði er til. Segir hún þar af sambandi sínu við framliðna, mest með tilstyrk miðla, og hafði reynsla hennar í þessum efnunum verið óvenjulega margbreytt og stórfróðleg. Hafði hún dvalið nokkur ár á Indlandi og óefað orðið fyrir það hæfari til dulrænnar reynslu. Væri um þetta margt að rita, en eg ætla að sinni aðeins að geta um atvik, sem vel gæti að nokkru liði orðið í baráttunni gegn ofdrykkju. Florence Marryat átti mág sem hún segir að sér og börnum sínum hafi þótt mjög vænt um; hafi hann verið gæðapiltur og engum vondur nema sjálfum sér. Var hann eyðsulsamur mjög og svallsamur svo, að ofdrykkja varð hans banamein. Þessi mágur hennar likamaðist á miðlifundi í New

York, að henni ásjáandi. Ekki eitt hár var á hans höfði og hann var aðeins um 3 fet á hæð. Sáraumingjalegur var hann á svipinn. Virðist mér vafalitið, að þetta aumkunarverða ástand mannsins hafi verið afleidning af lífneri hans og banameini. Eftir því sem J. S. M. Ward segir í einni af allramerkilegustu bókum sem um þessi efni hafa rit-aðar verið (sbr. ritgerðina „Glasir“ í þ. á. Eimreið), þá eru þeir sem illa hafa lifað hér á jörð, oft á stærð við smábörn þegar þeir koma fram í öðru lífi, og ófriðir mjög og er víðar um slikt getið. Eru til ýmisískonar stofnanir þar sem góðar verur vinna að því erfiða verki að koma þessu ófarsæla fólkii á rétta leið. Virðist ekki óliklegt, að ef mönnum væri nægilega ljóst hver áhrif ill breyttni eða röng hefir á framlið þeirra, og hve mikils þeir fara á mis með því að geta ekki komið fram í góðum stöðum þegar eftir dauða sinn, þá mundi það verða mörgum manni sú hjálp sem dygði til

þess að ástunda að lifa sem réttast. En dæmi þetta sem eg sagði frá sýnir, að jafnvel þó að um góðmenni sé að ræða, getur það haft hörmulegar afleiðingar fyrir framlif mannsins, ef hann hefir gefið sig ofdrykkjunni á vald.

II.

Mér virðist sem hinni mjög svo lofsverðu bindindisstarfsemi verði minna ágengt en verið gæti, vegna þess að of lítið er að því gaett hvernig á því stendur, að áfengis er neytt, og of lítið að því gert, að kenna mönnum að verða á betri hátt slikrar hressingar og glaðningar aðnjtandi sem þeir vænta sér af vindrykkju. Eins og eg hefi getið um einhvern-tíma áður, tel eg vafalaust, að af súkkulaði mætti í þessu efni hafa miklu meiri not en orðið er. Og af tónlist. Er þar fagurt verkefni fyrir Útvarpið, sem þó hefir verið allmjög vanrækt hingað til. Það er tiltakanlega hressandi að hlýða á góða dans-

músik jafnvel fyrir þá sem ekki stiga dansinn. En mikill meirihluti þess sem Útvarpið lætur heyra af því tagi, er ekki einasta ekki gott heldur hreint og beint hryllilegt, svo að það minnir á villimanna og jafnvel mannaæta bumbubarning og óhljóð. A þó Útvarpið nóg til af góðum dansplötum, þæði gömlum og nýjum. En þær fá að hvíla sig. Og jafnvel um aðra tónlist Útvarpsins — það eru plöturnar sem eg á við — er það að segja, að hlustanda hlýtur eigi allsjaldan að koma í hug, að stofnunin hafi í þessum efnum tekið sér til fyrrmyndar orð þau er standa yfir dyrum kgl. leikhússins í Kaupmannahöfn — en þó með mjög óheppilegri breytingu. Orðin eru þessi: Ej blot til Lyst: Ekki einungis til að skemta. En einkunnarorð Útvarpsins virðast vera á þessa leið: Blot ej til Lyst: Bara ekki þannig að til skemtnunar geti orðið.

19. dec.

Helgi Pjeturss.